



Stjórn SSH 418. fundur

Mánudaginn 24. ágúst 2015, kl. 12:15, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu samtakanna, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mæting: Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Ásgerður Halldórsdóttir, Guðný Ívarsdóttir, Theódóra Þorsteinsdóttir, Haraldur Sverrisson og Gunnar Einarsson.
Fjarverandi Ármann Kr. Ólafsson og Haraldur L. Haraldsson.
Framkvæmdastjóri SSH, Páll Guðjónsson sat fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

1. Bláfjallafólkvangur og Reykjanesfólkvangur

Á fundinn mætti Sverrir Bollason, formaður stjórnar Reykjanesfólkvangs og gerði grein fyrir vinnu við mótun tillagna um framtíðarfyrirkomulag stjórnunar Reykjanesfólkvangs annars vegar og Bláfjallafólkvangs hins vegar, sem og mögulegra tengsla og samstarfs.

Málið var áður á dagskrá 395. stjórnarfundar SSH hinn 7. nóvember 2013.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH óskar eftir því að þær tillögur sem kynntar voru á fundinum verði unnar áfram og m.a. í samráði við formenn nefnda á svið umhverfis- og skipulagsmála í aðildarsveitarfélögum SSH.

2. Fjárhagsáætlanir 2016

Ingólfur Arnarson, fjármálastjóri Kópavogsbæjar sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

- a) Samþykkt að boða til sameiginlegs vinnufundar vegna fjárhagsáætlana sveitarfélaganna 21. september nk. Til fundarins verði boðuð auk stjórnar SSH, formenn bæjarráða sveitarfélaganna og fjármálastjórar þeirra. Jafnframt var samþykkt að fá fulltrúa frá Kjarasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga á þennan fund til að fara yfir þróun kjarasamninga og starfsmats.
- b) Eigendafundur byggðasamlaganna.
 - i) Í samræmi við ákvæði í eigendastefnu SORPU bs. og Strætó bs. hefur verið boðað til eigendafunda þeirra 31. ágúst nk.
Ingólfur Arnarson fór yfir tillögu að forsendublaði fyrir fjárhagsáætlanir byggðasamlaganna, þar sem sett eru fram sömu verðlagsviðmið, spá um gengi og launaþróun og beitt er við gerð fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar og fleiri sveitarfélaga.

Umræður

Niðurstaða:

Samþykkt að leggja verðlagsspá forsendublaðanna fyrir á eigendafundum byggðasamlaganna, en að eftirfarandi bókun verði jafnframt lögð til grundvallar varðandi þróun rekstrarframlaga sveitarfélaganna og þjónustugjöld á árinu 2016:



Stjórn SSH er sammála því að leggja þessar meginforsendur fram á eigendafundi byggðasamlaganna 31. ágúst nk., en jafnframt er undirstrikað og áréttað að notkun þessara forsendna eiga ekki að leiða til sjálfvirks framreiknings á framlagi sveitarfélaganna til reksturs eða þjónustukaupa af byggðasamlögunum á árinu 2016.

Fyrirliggjandi upplýsingar um þróun tekna og útgjalda sveitarfélaganna á árinu 2015, sem og þær vísbendingar sem fyrir liggja varðandi rekstur sveitarfélaganna á árinu 2016 kalla á aukið aðhald og hagræðingu í fjárhagsáætlunum þeirra á árinu 2016. Af þessum sökum þurfa byggðasamlögin, eins og aðrar rekstrareiningar sveitarfélaganna að horfa til allra leiða til að móta sínar áætlanir þannig að rekstrarframlög og þjónustukaup á árinu 2016 verði sem næst því sem gert var ráð fyrir í áætlunum fyrir árið 2015.“

- ii) Rætt var um val byggðasamlaganna á innri endurskoðendum með vísun í ákvæði gildandi eigendastefnu, og ákveðið að taka málið til umræðu á eigendafundinum 31. ágúst nk.
- iii) Framkvæmdastjóri lagði fram reikning frá innri endurskoðun Reykjavíkurborgar vegna vinnu við greiningu á aðdraganda og innleiðingu á akstri Strætó bs. fyrir fatlað fólk, sbr. samþykkt eigendafundar Strætó bs. 5. febrúar 2015. Reikningurinn var stílaður á SSH. Stjórn er sammála um að Strætó bs. eigi að greiða þennan kostnað í ljósi uppruna verkefnisins.

3. Svæðisskipulag og sóknaráætlun 2015 -2019 - verkefnastaða

Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

- a) Svæðisskipulag, staða verkefna.
HÁP gerði grein fyrir stöðu helstu verkefna:
 - Reiknað er með að prentuð eintök af greinargerð svæðisskipulagsins verði tilbúin til dreifingar um miðjan september nk.
 - Vinna er hafin við áframhald mótunar á legu á grunnþáttum Borgarlínu. Erlendur ráðgjafi mun funda hér 22.-25. september nk., og stefnt er að því að niðurstöður verkefnisins verði tilbúnar fyrir lok árs 2016, og þá verði unnt að taka næsta skref með aðkomu þeirra sem takast munu á við að koma verkefninu í framkvæmd.
 - Rætt var um mögulega kynnisferð erlendis vegna Borgarlínunnar á fyrri hluta árs 2016.
- b) Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015-2019.
Fyrir lá endanleg útgáfa af greinargerð v. Sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2015-2019 með verkefnalýsingum vegna ársins 2015.
Rætt var um frekari innleiðingu og kynningu á verkefnunum í september með þátttöku fulltrúaráðs SSH og væntanlegum samráðsvettvangi sem skipa þarf í samræmi við ákvæði samnings um gerð sóknaráætlunarinnar. Horft til þess að nýta ráðgjafaráð SSH frá gerð sóknaráætlunar 2013 með þeim viðbótum sem leiðir af ákvæðum í núverandi samningi.

4. Erindi Landsnets og Hafnarfjarðarbæjar vegna afmörkunar grannsvæðis vatnsverndar við Fossvallaklif

Hrafnkell Á. Proppé sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

Fyrir lágu erindi Landsnets annars vegar og Hafnarfjarðarbæjar hins vegar, en bæði erindin lúta að afmörkun grannsvæðis vegna mögulegs vatnsból Mosfellsbæjar við Fossvallaklif og rannsóknir vegna staðsetningar spennivirkis Landsnets inni á núverandi grannsvæði.

HÁP fór yfir málið og gerði grein fyrir greiningu á þeim kostum sem skoðaðir hafa verið í máli.

Umræður

Niðurstaða:



Stjórn SSH telur eðlilegt að Landsnet, Hafnarfjarðarbær og Mosfellsbær ræði sín á milli um kostnað og mögulega kostnaðarskiptingu vegna verkefnisins, og að verkefnið verði að öðru leyti kynnt samráðsvettvangi um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu.

5. Tónlistarskólar; framhaldsnám – kostnaðargreiðslur

Rætt var um þann ágreining sem kominn er upp milli ríkis og sveitarfélaga um túlkun og framkvæmd á samkomulagi aðila frá 13. maí 2011 um greiðslur vegna framhaldsnáms í tónlistarskólum.

Niðurstaða:

Stjórn SSH undirstrikar þá skoðun sína að það sé bæði rétt og eðlilegt að framlög ríkisins taki til kennslukostnaðar í tónlistarskólum vegna hljóðfæranáms á framhaldsstigi og tengdum kostnaði, enda er slíkt í samræmi við inntak og anda þess samnings sem var gerður á árinu 2011, og að sem fyrst verði gerður nýr samningur aðila á sama grunni.

6. Erindi Ferðamálstofu vegna samþættingar samninga um svæðisbundið samstarf á sviði ferðamála

Fyrir fundinum lá erindi Ferðamálstofu frá 8. ágúst 2015 varðandi ofangreint.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH samþykkti að óska eftir umsögn Höfuðborgarstofu um málið.

7. Vísindarporpið í Vatnsmýri

Stjórnarformaður upplýsti að málið verði sérstaklega kynnt á sérstökum fundi nú á haustmánuðum.

8. Aðalfundur SSH og aðrir viðburðir á vegum SSH til áramóta

Fyrir lá yfirlit um fundi og viðburði á vegum SSH til næstu áramóta.

Samþykkt að stefna að aðalfundi SSH föstudaginn 30. október 2015.

9. Önnur mál

a) Fyrir lá tilkynning um aðalfund fulltrúaráðs Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:05.